

Íslenska stjórnkerfið (2006)

Bókarhöfundur: Gunnar Helgi Kristinsson

Bókarheiti: Íslenska stjórnkerfið

Gagnrýnandi: Stefánía Óskarsdóttir

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2006, 259 bls.

NÝ KENNSLUBÓK Í STJÓRN MÁLAFRÆÐI

Í sumar kom út fræðsluritið Íslenska stjórnkerfið eftir Gunnar Helga Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Eins og segir í formála er því ætlað að vera kennslubók í inngangsnámskeiði á háskólastigi um íslenska stjórnkerfið. Fram til þessa hafa nemendur stuðst við erlendar kennslubækur sem fjalla um meginþætti stjórnkerfa og fjöldann allan af greinum og bókum um innlend stjórnmál sem hafa í gegnum árin ratað á leslista námskeiðsins eins og það er kennt við stjórnmálaskor Háskóla Íslands. Með tímanum hefur listinn lengst eftir því sem þekkingu á íslenska stjórnkerfinu hefur farið fram og birtingum á þessu sviði fjölgað. Íslenska stjórnkerfið leysir þetta efni á margan hátt af hólmi. Með tilkomu þess skerpist fókus námskeiðsins, efnið er gert aðgengilegra og myndar brú yfir í aðrar heimildir.

Í bókinni er að finna vel fram sett efni um alla helstu þætti íslenska stjórnkerfisins. Með aðgengilegum hætti er fjallað um stoðir lýðræðissamfélaga sem eru pólitískt réttmæti og lýðræðishefð. Því næst er fjallað um kosningar og skipulag þeirra. Kosningaþátttöku og kosningahegðun eru gerð skil og m.a. vísað til rannsókna erlendra fræðimanna og kosningarannsókna Ólafs P. Harðarsonar. Einnig er fjallað um íslenska stjórnmálaflokka m.t.t. hugmyndafræði þeirra og fylgispróunar.

Stjórnskipun Íslands eru gerð ágæt skil í sérstökum kafla. Þar er dregið fram að hún einkennist af þingræðishefð sem felur í sér að umboð ríkisstjórna til að stjórna kemur frá Alþingi og tryggt þarf að vera að meirihluti þingmanna styðji ríkisstjórn á hverjum tíma. Í öðrum kafla eru hlutverk og skipulag Alþingis einnig tekin til umfjöllunar. Þar kemur fram að hlutverk Alþingis er þrjúþætt: Fulltrúa- og umræðuhlutverk sem tryggir að ólík sjónarmið heyrist og takist á; lagasetningahlutverk; og eftirlitshlutverk. Frá því er skýrt að meirihluti þeirra frumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi koma frá ríkisstjórn og að hlutur þingmannafrumvarpa fari dvínandi. Einnig er lauslega vikið að umræðu um nauðsyn þess að efla sjálfstæði Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þetta er mikilvægt álitamál en umræða um það hefur hins vegar einkum einkorðast við þingmenn sjálfa og ekki náð flugi í almennri stjórnmálaumræðu.

Í kafla um ríkisstjórnir kemur fram að hefð er fyrir því á Íslandi að myndaðar séu meirihlutastjórnir með eins fáum flokkum og hægt er. Í öðrum ríkjum Norðurlanda, sem einnig búa við þingræðishefð, er hins vegar algengt að myndaðar séu minnihlutastjórnir sem sitja í skjóli þingmeirihluta. Meirihlutastjórnarfyrirkomulagið eflir líklegast forystuhlutverk ríkisstjórna, þéttir raðir stjórnarsinna og eflir flokksaga en ýtir sjálfsagt undir orðræðu átaka. Um þetta er þó ekki sérstaklega fjallað en vikið að því að samstöðustjórnmál einkenna frekar samskipti þings og ríkisstjórna þar sem minnihlutastjórnarfyrirkomulagið er við lýði.

Í lok bókarinnar er fjallað um íslenska stjórnsýslu og opinbera stefnumótun. Helstu einkennum hennar er lýst. Þar er greint frá umbótum á regluverkinu sem ætlað er að auka gagnsæi opinberra ákvarðanna, tryggja jafnræði þegnanna og draga úr tilhneigingu til að hygla vinum og vandamönnum sem hefur nokkuð loðað við íslensk stjórnmál í gegnum tíðina. Í síðasta kafla er fjallað um sveitarfélög og verkefni þeirra sem farið hafa vaxandi á umliðnum árum. Rætt er um gildi þess að efla staðbundið lýðræði og valldreifingu. Það fer vel á því í lok bókarinnar að fara nokkrum orðum um skrif fræðimanna sem fjallað hafa um leiðir til að efla þátttöku þegnanna við úrlausn á samfélagslegum viðfangsefnum. Þverrandi áhugi á hefðbundinni stjórnmálaþátttöku hefur einmitt einkennt þróuð samfélög á Vesturlöndum og valdið ýmsum áhyggjum um framtíð lýðræðis. Inntak lýðræðis þarf nefnilega að skilgreina og skýra á hverjum tíma svo það þjóni þeim tilgangi sínum að vera grunnur stjórnkerfis okkar.

Íslenska stjórnkerfið vel heppnað verk sem á erindi við alla sem hafa áhuga á að kynna sér íslenska stjórnkerfið. Flókið efni er sett fram á auðskilinn hátt. Uppsetning þess er aðlaðandi og hvetur til áframhaldandi lestrar í öðrum heimildum. Það er ótvírætt mikill kostur. Ég gæti trúað að bókinni yrði vel tekið af nemendum og hún sé nú þegar orðin nauðsynlegt hjálpargagn fyrir alla sem hyggja á nám í stjórnmálum.